

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislögötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2013
Tilvísun: UST20130500058/ksj

Tillaga að deiliskipulagi athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut – Súluveg, Akureyri.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 10. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut – Súluveg, Akureyri.

Viðfangsefni deiliskipulagsins

Skilgreindur er landnotkunarreitur fyrir áfyllistöð metangass vestan gatnamóta Súluvegar og Miðhúsabrautar. Aðkoma að áfyllistöð verður frá Súluvegi inn á svæðið úr suðri. Í deiliskipulagstillöggunni eru settir nýjir skilmálar fyrir lóð þar sem verið hefur steypustöð og fleiri fyrirtæki og áætlað er að lagfæra bakka Glerár og opna fyrir aðgengi meðfram ánni. Einnig eru í deiliskipulagstillöggunni gatnamót Miðhúsabrautar og Þingvallastrætis útfærð ásamt akbrautum og gönguleiðum í samræmi við breytt aðalskipulag.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun tekur undir að aðgengi almennings verði bætt meðfram Gleránni innan ofangreindrar lóðar og bendir á að skv. 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er óheimilt að hindra umferð gangandi manna á vatns-, ár-, eða sjávarbakka. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að fullt tillit verði tekið til Glerár og Glerárgils, en Glerárgil er á svæði nr. 508 á náttúruminjaskrá, en þar segir: „Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólverlli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurríkt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar“.

Áfyllingarstöð fyrir metan

Umhverfisstofnun bendir á að áfyllingarstöð fer fram meðhöndlun á eldfimu gasi. Ef slys verður getur mikill eldhnöttur myndast ef leiðslur eða tankur undir miklum þrýstingi tendrast. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar fjarlægðir (öryggisradíus) í næstu byggingar séu nægjanlegar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þess verði gætt á framkvæmdatíma áfyllistöðvar að hljóðmengun og loftmengun á svæðinu verði haldið í lámarki.

Umhverfisstofnun tekur undir val á staðsetningu hringtorgs ekki síst með tilliti til gangandi vegfarenda og einnig vegna aukinnar fjarlægðar vegar að leikskóla. Umhverfisstofnunin telur áform deiliskipulagstillögunnar til mikilla bóta fyrir svæði á náttúruminjaskrá og fyrir aðgengi almennings meðfram Glerá.

Virðingarfyllst
Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun